



Frá Kvinnalístanum til þín

Kvinnapósturinn 4. árgangur 6. tölublað.
Útgefandi Kvinnalístin Reykjavík.



Ágæti Reykvíkingur.

Á undanförunum árum hefur mikil breyting orðið á stöðu íslenskra kvenna. Æ fleiri konur vinna utan heimilis fullan vinnudag. Sífelld fleiri konur eiga kost á því að mennta sig og við sjáum fleiri konur láta til sín taka þar sem ráðum er ráðið. Konum hefur fjölgað mikið á Alþingi og í sveitarstjórnnum ekki síst eftir að Kvinnalístin kom til sögunnar árið 1983. Það býr mikill kraftur í íslenskum konum, þær búa yfir mikilli reynslu, þekkingu og hugmyndaauðgi sem samfélagið þarf að njóta góðs af.


Við erum þó enn langt á eftir öðrum norrænum þjóðum hvort sem við lítum á stjórnkerfi eða vinnumarkað. Laun fjölmargra kvennastétta eru afar lág og launamunur kynjanna mikill. Margar konur geta ekki séð sér farborða með launum sínum þótt þær séu í fullri vinnu og við starfslok fá þær lífeyri sem ekki dugar til framfærslu. Álag er mikið á konum hér á landi sem auðvitað bitnar á þeim sjálfum, börnum þeirra og fjölskyldum. Því miður bendir margt til þess að heilsa kvenna fari versnandi. Þetta getum við ekki sætt okkur við. Við viljum að konur séu efna-hagslega sjálfstæðar og búi við góða heilsu.

Við Kvinnalístakonur viljum búa betur að eldri borgurum þessa lands. Við viljum tryggja lífeyri sem dugar til framfærslu, við viljum að nægjanlegt framboð sé á hjúkrunarrými, við viljum efla forvarnir og bæta heilsu svo sem kostur er og sérstaklega viljum við huga að lífeyrismálum kvenna.

Á laugardag verður gengið til Alþingiskosninga. Nú biðjum við þig að leggja okkur lið, þannig að tryggt verði að konur og börn eigi sér öflugna málsvara á Alþingi Íslendinga.

Taktu þátt í því með okkur að skapa börnum betri framtíð, konum betri kjör, körlum meiri tíma til að sinna heimili og börnum og eldri borgurum gott og skemmtilegt ævikvöld.

Veldu V í vor


Kristín Ástgeirsdóttir
skipar 1. sæti Kvinnalístans í Reykjavík


Guðný Guðbjörnsdóttir
skipar 2. sæti Kvinnalístans í Reykjavík


Þórunn Sveinbjarnardóttir
skipar 3. sæti Kvinnalístans í Reykjavík